

Stýrihópur um nýtt íþróttahús á Höfn

7. fundur 18. apríl 2024 – kl. 8:15

Mætt: Stýrihópur: Björgvin Sigurjónsson, Björgvin Erlendsson, Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfssdóttir.

Starfsmaður stýrihóps Björn Þór Imsland

Fundargerð ritaði Björn Imsland

Rætt var um hvernig fyrirkomulag funda er og hvernig ætti að hafa þá. Fundarmönnum langar að hafa reglulegri fundi þar sem eingöngu stýrihópurinn er á til að ræða þær hugmyndir sem hafa komið frá starfsmönnum sveitarfélagsins, hagsmunahópum sem og öðrum hugsanlegum notendum. Stýrihópur metur hverjir aðrir þurfa að koma á fundi þess hverju sinni. Rætt var um hvernig áframhald á þarfagreining á að vera og voru fundamenn sammála um að allir hagsmunir þurfi að koma fram. Stýrihópur vill þó ekki fyrst um sinn að fundir þessir verði of fjölmennir. Hver og einn fundarmaður tjáði sína skoðun á því hvar byggingin ætti að rísa og jafnframt tjáðu sig um það hvernig og hvaða hugmyndir kæmu frá þeirra baklandi.

Rætt var um hve góður undirbúningur á framkvæmdum er nauðsynlegur bæði varðandi það að kostnaður við framkvæmdir fari ekki úr böndunum og almenn ánægja verði þá með framkvæmdina og menn gerðu sér grein fyrir að þessi vinna tekur tíma.

Ákveðið var að fá til stýrihóps formenn eða starfsmann allra hagsmunaaðila og kynna fyrir þeim stýrihópinn og hvað hann hafi verið búinn að gera og hvaða hugmyndir hafa komið fram. Þessir aðilar geti svo farið með þær upplýsingar og rætt í sínum hópi og farið yfir þarfagreiningu óskir sínar. Ákveðið var að byrja á óska eftir því að stjórn Sindra sendi á fund stýrihóps alla formenn deilda. Síðan verði kallaðir til skólastjórnendur og svo aðrir hagsmunaraðilar. Eftir að þetta samtal hefur farið fram þá yrði aftur fundað með stjórnnum félaga og annarra hagsmunaaðila og tekin saman þarfagreining.

Rætt var um hve góður undirbúningur á framkvæmdum er nauðsynlegur bæði varðandi það að kostnaður við framkvæmdir fari ekki úr böndunum og almenn ánægja verði þá með framkvæmdina og menn gerðu sér grein fyrir að þessi vinna tekur tíma.

Ákveðið var að halda fundi stýrihóps einu sinni í viku á fimmtudögum kl. 8:15